

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Strandasýslu Skeiði 3, Hólmavík/Skeljavík



<b>Dags eftirlits</b>	1.12.2022	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpsamlag Strandasýslu	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Skeiði 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	470786-1329	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurður Marinó Þorvaldsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	377099,262 581129,16

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu í Skeljavík. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Niðurstaða síðasta eftirlits
3. Niðurstöður mælinga
4. Önnur mál
5. Skoðunarferð

Á urðunarstaðnum í Skeljavík er einungis heimilt að urða úrgang sem upprunninn er í Strandasýslu og dreifbýli Súðavíkurbrepps. Heimilt er að taka á móti til urðunar, úrvinnslu og geymslu allt að 500 tonn á ári. Árið 2021 voru urðuð 296 tonn á urðunarstaðnum.

Rætt var um stöðuna á urðunarstaðnum, mögulegan skort á yfirlagsefni og lausnir á því. Einnig var rætt um niðurstöður mælinga, en í brunni ofan urðunarstaðarins hefur mælst hækkun á blýi, að öðru leyti virðist áhrifa urðunarstaðarins ekki gæta svo einhverju nemur í grunnvatni eða yfirborðsvatni.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Unnið er að gerð jarðvegsmana við staðinn og er stefna rekstraraðila að bæta ásýnd staðarins þannig að hann sjáist ekki frá næsta nágrenni. Brotajárni er safnað á urðunarstaðinn og sett þar í gáma, fram kom að nú hefði rekstraraðili fest kaup á bíl þannig að hann getur sjálfur ekið brotajárminu til endurvinnslu. Staðan á urðunarstaðnum er eins og við fyrri eftirlit og ekki tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.12.2022

Sigríður Magnúsdóttir